

Árið 2013 settu starfsmenn og nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn upp fríríkið Þorpið. Þetta voru óhefðbundnir dagar þar sem innviðir skólans breyttust í samfélag sem skírt var Þorpið. Í þorpinu kenndi ýmissa grasa og hægt var að fá margskonar þjónustu, t.d. fara á snyrtistofuna Kósí, kaupa plöntur á garðyrkjustöðinni Burknanum, fara í bakarí, kíkja á saumastofu, versla skrautmuni eins og skart, listaverk og annað handverk. Önnur afþreying var í boði eins og leikhús, listagallerý og tónlistarviðburðir.

Nemendur sóttu sjálfir um vinnu á ákveðnum stöðum og unnu þar á þemadögunum og fengu laun fyrir. Gjaldmiðill Þorpsins var svokallaður Þollari og fá nemendur greitt í þeim gjaldmiðli og gátu keypt sér muni á opna húsinu. Þar bauðst gestum og gangandi einnig kostur á að koma og skipta íslenskum krónum í gjaldmiðil Þorpsins.

Starfsmenn Þorpsins þurftu að standa sína plikt og mæta stundvíslega í vinnu klukkan 08.00 og vinna til 13.00. Ef þeir ekki sinntu starfi sínu þá voru þeir sendir á vinnumálastofnun til Halldórs Sigurðssonar, sem einnig var bæjarstjóri Þorpsins, sem veitti þeim viðunandi úrræði.

Þetta verkefni er byggt á danskri fyrirmynd en Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur byggt upp samfélagið Barnabæ sem er fyrirmynd okkar að Þorpinu.

Þorpið var haldið 2015, 2017, og verður í vor 2019.

[Bæklingur og atvinnuauglýsingar Þorpsins 2013](#)